

# **Nýtt hagsmunafélag verkfræðinga og tæknifræðinga**

**Stofnað með samruna SV, TFÍ og VFÍ**

## **Markmið og framtíðarsýn**

Nóvember 2005

# Dagskrá

- Forsaga málsins
- Hvers vegna nýtt félag?
- Félagsmenn
- Helstu markmið
- Leiðir að markmiðum
- Skipulag nýja félagsins
- Nafn félagsins
- Eignir núverandi félaga
- Framtíðarsýn
- Forsendur fyrir nýju félagi

# Forsaga málsins

- Sameining rædd í yfir 20 ár
- 1993 – Endurskoðun markmiðs og skipulags VFÍ
- 1994 – Samrekstur skrifstofu VFÍ og TFÍ
- Í stefnumótun VFÍ frá 1995, þar sem ályktað var að stefnt skildi að sameiningu félagana.
- VFÍ og TFÍ viðurkenna að tæknifræðinám og verkfræðinám sé hvort tveggja af sama meiði. Tæknifræði flokkist sem námsbraut í verkfræði (1995)
- SV og VFÍ vinna að sameiningu 1996.
- Aðalfundur TFÍ vorið 2003 ályktar að leitað skuli eftir viðræðum um sameiningu.

# Forsaga málsins

- Samstarfsnefnd SV/TFÍ/VFÍ að störfum haustið 2003
  - Leggur til sameiningu allra félagana
  - Ein stétt
  - Allsherjaratkvæðagreiðsla um sameiningu
- Skoðanakönnun hjá VFÍ og TFÍ

# Forsaga málsins

- Samstarfsnefnd SV/TFÍ/VFÍ að störfum veturinn 2004/2005
  - Sameina skuli verkfræðinga og tæknifræðinga í einu félagi sem sinnir hagsmunamálum stéttarinnar í hvívetna
  - Sameiginlegt félag skuli byggt á endurskipulögðu VFÍ sem
    - sé opið öllum verkfræðingum og tæknifræðingum
    - sé rekið á verkefnagrundvelli
    - sé skilgreint sem stéttarfélag í skilningi laganna
    - hafi formann sem verði jafnframt starfsmaður félagsins

# Forsaga málsins

- Stýrihópur SV/TFÍ/VFÍ
  - Vinnur málið áfram með aðstoð ráðgjafa og styðst að mestu leyti við niðurstöður nefndanna
  - Leggur til að stíga skrefið til fulls
  - Tillögur hópsins til kynningar og umræðu á þessum fundi
- Skoðanakönnun hjá SV

# Hves vegna nýtt félag?

- Ein stétt
- Sameiginlegir atvinnuhagsmunir
- Samræmd stefna í kjara- og menntamálum
- Ekki hægt að aðskilja kjaramál og fagmál
- Öflugur þjónustuaðili
- Sterkari heild út á við
- Félagið móti sér stefnu á helstu sviðum er snerta lífsgæði félagsmanna
- Lítið breytt félagsstarf síðustu ár
- Alþjóðavæðing, ógnanir og tækifæri
- Félagsaðild verði sjálfsögð
- Meiri hagkvæmni

# Félagsmenn

- Almennir félagsmenn geta orðið:
  - Þeir sem lokið hafa viðurkenndri prófgráðu í verkfræði, en tæknifræðinám er námsbraut í verkfræði, svo og þeir sem lokið hafa viðurkenndri prófgráðu í þeim vísindagreinum sem verkfræðin byggist á, s.s. eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði
  - Stjórn félagsins getur boðið fræðimönnum í raunvísindum og framkvæmdamönnum að gerast almennir félagar, enda mæli sérstakar ástæður með því. Stjórnin tekur endanlega afstöðu til slíkra umsókna.

# Félagsmenn

- Ungfélagar geta orðið verkfræðinemar, tæknifræðinemar og nemar í vísindagrein sem verkfræðin byggist á, sem lokið hafa einu námsári af háskólanámi. Ungfélagar hafa takmörkuð réttindi og skyldur meðan þeir stunda námið

# Helstu markmið

- Nýtt félag sem sinnir hagsmunamálum félagsmanna í hvívetna

# Helstu markmið

- Vera öflugur málsvari félagsmanna
- Standa vörð um gæði verkfræði- og tæknifræðimenntunar
- Gæta hagsmuna og standa vörð um réttindi félagsmanna
- Stuðla að bættum kjörum og aukinni starfsánægju félgsmanna
- Innan félagsins fari fram öflug og lifandi starfsemi

# Leiðir að markmiðum

- Vera öflugur málsvari félagsmanna
  - Félagið skal á grundvelli stefnu sinnar taka virkan þátt í þjóðfélagsumræðunni
  - Félagið starfi meðvitað að góðri ímynd félags og stéttar
  - Félagið beiti sér fyrir því að félagsmenn verði mótandi afl í samfélaginu á sviði tækni og vísinda
  - Félagið eigi gott samstarf við önnur samtök háskólamenntaðra manna og verði virkur þátttakandi í háskólasamfélaginu
  - Félagið beiti sér fyrir aukinni áherslu á rannsóknir og nýsköpun og leiti samstarfs við stofnanir og fyrirtæki á því sviði

# Leiðir að markmiðum

- Standa vörð um gæði verkfræði- og tæknifræðimenntunar
  - Félagið móti skýra menntastefnu og fylgi henni eftir
  - Innan félagsins starfi öflug menntanefnd
  - Félagið hafi góð tengsl við menntastofnanir sem annast kennslu í verkfræði og tæknifræði
  - Félagið beiti sér fyrir óháðum úttektum á gæðum náms í verkfræði og tæknifræði í íslenskum menntastofnunum
  - Félagið taki virkan þátt í endur- og símenntun félagsmanna
  - Félagið leitist við að efla raungreinakennslu í grunn- og framhaldsskólum

# Leiðir að markmiðum

- Gæta hagsmuna og standa vörð um réttindi félagsmanna
  - Félagið standi vörð um starfsheitin “verkfræðingur” og “tæknifræðingur”
  - Félagið veiti einstaklingsbundna þjónustu.
  - Félagið starfræki víðtæka upplýsingaveitu á sviði kjaramála
  - Félagið verði bakland félagsmanna í kjaramálum og hvetji þá til dáða í sókn til bestu kjara
  - Félagið reki samninganefndir og geri kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna
  - Félagið veiti lögfræðilega ráðgjöf í kjaramálum og aðstoði þá við gerð ráðningarsamninga
  - Félagið vinni markvisst að því að útrýma kynjabundnum launamun í stéttinni.
  - Félagið reki sjóði, s.s. Sjúkrasjóð, orlofssjóð, fjölskyldu- og styrktarsjóð, vísinda- og starfsmenntunarsjóð o.fl.

# Leiðir að markmiðum

- **Stuðla að bættum kjörum og aukinni starfsánægju félagsmanna**
  - Félagið geri reglulegar kjarakannanir, sinni markaðsrannsóknnum og gefi út markaðslaunatöflur
  - Félagið hafi mótaða stefnu á helstu sviðum sem hafa með lífsgæði félagsmanna að gera og móti skýra jafnréttis- og fjölskyldustefnu. Mikilvægt er að nýtt félag hrindi í framkvæmd þessum stefnum.
  - Félagið veiti sérfræðingum, stjórnendum og sjálfstætt starfandi og nýútskrifuðum markvissa þjónustu.
  - Félagið haldi reglulegar kynningar fyrir nemendum í verkfræði og tæknifræði og undirbúi þá fyrir þátttöku á vinnumarkaði

# Leiðir að markmiðum


- Innan félagsins fari fram öflug og lifandi starfsemi
  - Félagið hafi yfir að ráða öflugum kynningar- og samskiptaneti
  - Félagið bjóði fjölbreytt, skemmtilegt og auðgandi fag- og félagsstarf
  - Ársþing félagsins verði framsækið þar sem fjallað verði um samfélagsmál sem tengjast störfum verkfræðinga og tæknifræðinga ásamt stefnumótandi umræðu fyrir starfsemi félagsins
  - Félagið höfði til nemenda og nýútskrifaðra tæknifræðinga og verkfræðinga
  - Félagið verði rekið á traustum grunni með fjölbreyttum tekjustofnum
  - Félagið verði virkur þátttakandi í norrænu samstarfi og stuðli að samstarfi við önnur samtök verkfræðinga og tæknifræði í Evrópu og víðar.

# Skipulag nýja félagsins

- Aðalfundur
- Stjórn
  - Starfandi formaður í hlutastarfi
  - Sviðsstjórar (Atvinnumál, Fagmál, Útgáfu og Markaðsmál)
  - Kjararáð
  - Sérgreina- og landshlutadeildir
  - Siðanefnd, Menntanefnd, Útgáfunefnd, Löggildingarnefnd, ofl.
- Allsherjaratkvæðagreiðslur
- Ársþing

# Skipulag nýja félagsins

- 



# Nafn félagsins

- Verkfræðingafélag Íslands, félag verkfræðinga og tæknifræðinga, skammstafað VFÍ
  - Hefðarréttur
  - Orðspor

# Eignir núverandi félaga

- Húseign VFÍ
- Sjóðir

# Framtíðarsýn

- Íslenskir verkfræðingar og tæknifræðingar búi yfir framúrskarandi verkfræðilegri vísindalegri þekkingu, hafi góða aðlögunarhæfni og því vel samkeppnisfærir á alþjóðamarkaði. Félag þeirra verði framsækið lifandi afl sem nýtur virðingar í samfélaginu og stendur vörð um hagsmuni félagsmanna í hvívetna.

# Forsendur fyrir nýju félagi

- Ein stétt
- Félagið verði víðtækt hagsmunafélag
- Horfa þarf til framtíðar
- Aðild verði sjálfsgöð bæði í hugum nýútskrifaðra og hinna sem fyrir eru
- Í raun verði ekki um sameiningu að ræða, heldur stofnun nýs félags

- **Sterkari saman**